

Fundur í svæðisráði norðursvæðis

Haldinn í Þekkingarsetrinu á Húsavík 12.12.14 kl. 15:10.

Mætt: Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, Grétar Ingvarsson, Óli Halldórsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, staðgengill Hjörleifs og Böðvar Pétursson formaður sem ritaði fundargerð. Friðrika Sigurgeirsdóttir boðaði forföll. Ekki hefur enn verið tilnefndur aðili í svæðisráðið frá ferðamálasamtökum í stað Helga Héðinssonar og er það miður.

- Staðan í Holuhrauni:** Hanna Kata fór yfir þróun mála frá síðasta fundi. Viðurkenndi að kynningarmálin hefðu setið á hakanum sérstaklega í upphafi, en það var að mestu vegna manneklu. Sagði að starfsmenn hefðu staðið sig einstaklega vel í þessu fargani og í raun lyft Grettistaki. Mikil aðsókn hafi verið í að koma ferðamönnum á svæðið en þegar nýjar reglur Almannafréttanna tóku gildi 17. október þá hafi sá þrýstingur minnkað. Það hefur verið smá vandamál með utanvegaakstur þegar snjóa var að festa og spurning hvernig verður í vor þegar snjóa fer að leysa, þ.e. ef það verður enn gos í gangi.
Rætt var um mikilvægi þess að efla starfsemi norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs vegna fyrirséðrar aukinnar umferðar og aðdráttarafls hálendissvæðisins kringum gosstöðvarnar. Til framtíðar verði viðbúið að aðdráttarafl nýja hraunsins muni breyta og auka umferð ferðamanna mikið. Með þetta í huga væri mjög brýnt að bæta við starfskrafti á norðursvæðinu sem gæti starfað samhliða og með núverandi þjóðgarðsverði og starfsmönnum.
Stella lagði fram eftirfarandi tillögu:
“Að nú þegar verði virkjað ákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði þjóðgarðsins. Einn fyrir Jökulsárgljúfur og annar fyrir hálendið.”
Þetta er lagt til vegna fyrirsjáanlegra aukinna verkefna á hálendinu m.a. vegna eldgossins í Holuhrauni, kynningarmála og ekki síður vaxandi verkefna í Jökulsárgljúfrum.
Tillagan samþykkt samhliða.

Böðvar lagði fram eftirfarandi tillögu sem drög að minimaliskri verndaráætlun fyrir Holuhraun:

Þegar lokun svæðisins vegna almannavarnarástands lýkur þá munu stjórnvöld Vatnajökulsþjóðgarðs merkja og stika leið að nýja hrauninu og merkja þar fyrir bílastæðum. Síðan skal stika og merkja gönguleiðir við og um nýja hraunið eftir því sem hægt er. Aksturs og gönguleiðir skulu vera öruggar og veita gestum tilfinningu og upplifun fyrir svæðinu og fræðslu um svæðið.

Hanna Kata kynnti drög að almennum texta um nýmyndanir sem verið er að vinna sem almennt ákvæði inn í núverandi verndaráætlun.

Fundarmenn sammála um að þessar tillögur saman uppfylli kröfur um verndaráætlun fyrir svæðið til að byrja með.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. **Stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs á norðursvæði.** Böövar lagði fram eftirfarandi erindi:

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs fer þess á leit við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hafinn verði undirbúningur að stækkun þjóðgarðsins sem nemur eftirfarandi viðbótum: Núverandi friðland í Herðubreiðarlindum og svæði vestur frá friðlandinu að núverandi þjóðgarðsmörkum.

Stækkun þessi myndi einfalda stjórnslu á svæðinu og þar með umsjón þess. Í dag er þeim hluta svæðisins sem er innan Herðubreiðarfriðlands sinnt með umsjónarsamningi milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs, en það form flækir stjórnun friðlandsins til muna.

Samþykkt samhljóða og formanni falið að koma erindinu áfram til umhverfis og auðlindaráðherra.

3. **Heilsársopnun Gljúfrastofu:** Eftir umræður var eftirfarandi tillaga lögð fram:

Í vinnu við fjárhagsáætlun fyrir norðursvæði árið 2015, verði róið að því öllum árum að tryggja a.m.k. hálf dags opnun í Gljúfrastofu yfir vetrarmánuðina.

Samþykkt samhljóða.

4. **Deiliskipulag við Dettifoss:** Eftir skoðunarferð svæðisráðs með landslagsarkitektum og Þórði Ólafssyni að Dettifossi í október s.l. er svæðisráð sammála um eftirfarandi vinnulag við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið:

Við deiliskipulagsvinnu við Dettifoss þarf að skipuleggja svæðið frá Selfossi niður að Hafragilsundirlendi sem eina heild, óháð núverandi landamerkjum. Best og hentugast er að gera það með endurbótum á núverandi stígakerfi. Einnig þarf að þróa svæðið sem eina heild austan og vestan ár.

Fleira ekki bókað og fundi slitið 17:20.